

197. fundur Velferðar- og mannréttindaráðs, haldinn í Lindinni Dalbraut 4, þriðjudaginn 7. febrúar 2023 og hófst hann kl. 16:00.

Fundinn sátu:

Kristinn Hallur Sveinsson formaður, Einar Brandsson varaformaður, Aníta Eir Einarsdóttir aðalmaður, Sveinborg Kristjánsdóttir félagsmálastjóri, Hrefna Rún Ákadóttir félagsmálastjóri og Hildigunnur Árnadóttir sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs.

Fundargerð ritaði: Hildigunnur Árnadóttir, sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs.

Fyrir tekið:

1. 2204003 - Barnaverndarlög - innleiðing

Kynning á innleiðingu samþættrar þjónustu í þágu farsældar barna og áhrif þess á verklag og lagaumhverfi barnaverndar.

Velferðar- og mannréttindaráð þakkar Erlu Björgu Kristjánsdóttur yfirfélagsráðgjafa í barnavernd og Sólveigu Sigurðardóttur verkefnastjóra samþættrar þjónustu og barnvæns sveitarfélags fyrir greinargóða kynningu.

2. 2210169 - Endurskoðun á reglum - lögmannskostnaður í barnaverndarmálum

Drög að endurskoðuðum reglum um greiðslu lögmannskostnaðar við vinnslu barnaverndarmála.

Velferðar- og mannréttindaráð þakkar Lilju Björgu Ágústsdóttur lögfræðingi og fyrrverandi starfsmanni barnaverndarþjónustu Akraneskaupstaðar fyrir greinargóða kynningu á endurskoðuðum reglum um lögmannskostnað í barnaverndarmálum.

Velferðar- og mannréttindaráð samþykkir drög að reglum um lögmannskostnað í barnaverndarmálum undir nýju heiti "Reglur Akraneskaupstaðar um veitingu fjárstyrks vegna lögmannskostnaðar skv. 47. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002" og vísar þeim til staðfestingar í bæjarráði.

4. 2209282 - Samræmd móttaka flóttafólks

Akraneskaupstaður hefur samþykkt að gerast móttökusveitarfélag vegna samræmdrar móttöku flóttafólks. Á grundvelli þess munu Akraneskaupstaður og Félags- og vinnumarkaðsráðuneyti gera með sér þjónustusamning um samræmda móttöku flóttafólks. Í samningnum þarf að tilgreina þann fjölda notenda sem Akraneskaupstaður hyggst taka á móti og veita þjónustu og er tillaga starfsmanna velferðar- og mannréttindasviðs hvað það snertir lögð fram til umræðu.

Velferðar- og mannréttindaráð leggur til að í þjónustusamningi á milli Akraneskaupstaðar og Félags- og vinnumarkaðsráðuneytis verði samþykkt að Akraneskaupstaður veiti, að lágmarki 40 og að hámarki 80 notendum, þjónustu á hverjum tíma. Akraneskaupstaður samþykkir jafnframt að veita á hverju ári að hámarki 60 notendum þjónustu á 1. ári í samræmdri móttöku.

3. 2301023 - Fundargerðir 2023 - notendaráð um málefni fatlaðs fólks

15. fundargerð notendaráðs um málefni fatlaðs fólks frá 16. janúar 2023.

Lögð fram til kynningar.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18:30.

Kristín H. Sæviðsson
Aunna Lív Einarsdóttir
Einar Braundsson
Sveinborg Krútsáttel.

Hilmarinn Arnar
Hveitmarinn Skarðdalur